



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. september 2026

SFS26060089

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.9.2026 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 2. september 2026, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 31. ágúst 2026 á tillögu um breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands ásamt greinargerð:

Lagt er til að 1. gr. reglna um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar verði svohljóðandi: Kynningar til barna, unglunga og foreldra á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatillboða fyrir börn og unglunga, geta farið fram innan skóla eða frístundastarfs á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Samþykkt.

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar eru samþykktar svo breyttar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja mikilvægt að börn og ungmenni hafi jafnan aðgang að upplýsingum um það fjölbreytta íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sem í boði er. Upplýsingar um slík tækifæri skila sér ekki alltaf til allra barna og því getur samstarf skóla og þeirra sem halda úti frístundastarfi gegnt mikilvægu hlutverki við að vekja áhuga og auka þátttöku. Breytingarnar fela í sér skýrari heimild til að kynna uppbyggilegt starf í þágu barna og ungmenna, á forsendum skólastjórna og með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi getur haft veruleg jákvæð áhrif á líðan, félagsfærni og sjálfsstraust barna, auk þess



Reykjavík



að efla tengsl þeirra við jafnaldra og samfélagið. Mikilvægt er því að öll börn fái raunverulegt tækifæri til þátttöku, óháð bakgrunni eða aðstæðum.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Við fögnum því að börn hafi gott aðgengi að íþróttum og tómstundum, sem efla líðan, félagsfærni og sjálfstraust. Gildi skipulagðs frístundastarfs er óumdeilt. Þessi reglubreyting felur þó fyrst og fremst í sér minniháttar textatilfærslur, enda voru reglurnar rýmkaðar fyrir áratug til að heimila íþróttafélögum og öðrum þeim sem bjóða tómstundatilboð að kynna sína starfsemi á skólatíma eða starfstíma frístundastarfs í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Fulltrúi Samfylkingarinnar tryggði á fundi skóla- og frístundaráðs að upplýsingum um kostnað sé áfram beint til foreldra en ekki barnanna, sem veitir fjölskyldum nauðsynlega yfirsýn. Hins vegar er vandamálið í dag ekki skortur á upplýsingum eða auglýsingum á skólatíma. Vandamálið er ójöfnuður. Raunveruleg hindrun margra barna er fjárhagsleg staða og geta fjölskyldna til að fjármagna tómstundirnar. Við stöndum með jöfnuði, jafnrétti og velferð allra barna, óháð bakgrunni. Við teljum að besta forvörnin felist í því að léttja fjárhagslegar byrðar af foreldrum og verja innviði hverfanna.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



BORGARRÁÐ 10. SEPTEMBER 2026: Breytingartillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að 1. gr. reglna um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar verði svohljóðandi: Kynningar til barna, unglunga og foreldra á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglunga, geta farið fram innan skóla eða frístundastarfs á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Greinargerð

Ótal æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarf er ekki bundið við eitt hverfi t.d. keila, klifur, bogfimi, myndlist o.fl. Með breytingartillögunni er ekki verið að takmarka kynningar á æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarfi miðað við þau félög sem eru í hverfinu. Þar með aukast tækifæri að auglýsa það fjölbreytta æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarf sem stendur börnum til boða í Reykjavík





Reykjavík, 2. september 2026
SFS26060089

Borgarráð

Breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 31. ágúst 2026 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. ágúst 2026, um breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar ásamt reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með merktum breytingum og nógildandi reglum.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja mikilvægt að börn og ungmenni hafi jafnan aðgang að upplýsingum um það fjölbreytta íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarf sem í boði er. Upplýsingar um slík tækifæri skila sér ekki alltaf til allra barna og því getur samstarf skóla og þeirra sem halda úti frístundastarfi gegnt mikilvægu hlutverki við að vekja áhuga og auka þátttöku. Breytingarnar fela í sér skýrari heimild til að kynna uppbyggilegt starf í þágu barna og ungmenna, á forsendum skólastjórnenda og með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi getur haft veruleg jákvæð áhrif á líðan, félagsfærni og sjálfstraust barna, auk þess að efla tengsl þeirra við jafnaldra og samfélagið. Mikilvægt er því að öll börn fái raunverulegt tækifæri til þátttöku, óháð bakgrunni eða aðstæðum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Litlar efnisbreytingar eru gerðar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi, heldur fyrst og fremst minniháttar tilfærslur texta. Reglurnar voru rýmkaðar fyrir áratug til að heimila íþróttafélögum og öðrum þeim sem bjóða tómstundatilboð að kynna sína starfsemi á skólatíma eða starfstíma frístundastarfs í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Það vekur þó athygli að ákvæði um að upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþróttta- og tómstundatilboða skuli beint til foreldra en ekki barnanna sjálfra var felld út í útsendri dagskrá en fulltrúinn fagnar því að breytingartillaga hafi verið samþykkt á fundinum sem tryggir að foreldrar hafi áfram góða yfirsýn yfir skipulag og kostnað við tómstundaiðkun barna sinna samhliða kynningum á íþróttastarfi fyrir börn í skólastarfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstreisins lagði fram svohljóðandi bókun:



Fulltrúinn samþykkir breytingarnar eftir að tillit var tekið til athugasemda varðandi það að upplýsingar um kostnað vegna æskulýðs-, íþróttá- og tómstundatilboða skuli beina til foreldra en ekki barnanna. Mikilvægt er að meðvitund sé um að stundum er skortur á upplýsingum ekki hindrun heldur fjárhagsleg staða sem hefur áhrif á það hvort að ungmenni taki þátt í skipulögðum frístundum eða ekki.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga um breytingar á reglum, dags. 26. ágúst 2026

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir með merktum breytingum.

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir, dags. 24. febrúar 2016



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 26. ágúst 2026

SFS26060089

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar:

Núgildandi **1. gr.** er svohljóðandi:

Kynningar til barna og unglunga á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi sem hluti af námi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglunga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístundamiðstöðva á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

Lagt er til að **1. gr.** verði svohljóðandi:

Kynningar til barna, unglunga og foreldra á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglunga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístundastarfs á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Upplýsingum um kostnað vegna æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

Neðanmáls merkt með * kemur eftirfarandi fram:

Hér er átt við starfsemi frístundamiðstöðva á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tómstundatilboð aðila að Frístundakorti ÍTR.

Lagt er til að fram komi:



Hér er átt við frístundastarf á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tómstundatilboð aðila að Frístundakorti ÍTR.

Breytingar taka gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. júní 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að leggja fram tillögur um breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, með sérstakri áherslu á að auðvelda þeim sem reka íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf að kynna starfsemi sína og æfingátíma í grunnskólum borgarinnar. Samhliða verði horft til þess að efla samstarf skóla við íþrótta-, æskulýðs- og tómstundaaðila. Tillögur skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. ágúst 2026.

Greinargerð fylgdi.

Fram kemur í greinargerð vegna tillögunnar að æskulýðs-, íþrótta og tómstundastarf sé mikilvæg fyrir börn og ungmenni í Reykjavík. Mikilvægi þess hefur aukist síðustu ár með tilkomu tækninnar og aukinna stafrænna samskipta. Að auki hafi fjöldi barna með erlendan uppruna aukist töluvert síðastliðin ár og ein besta leiðin til þess að koma þeim og foreldrum þeirra inn í samfélagið og tungumálið er í gegnum íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf. Veita þurfi þeim sem sinna íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi tækifæri til að kveikja neistann hjá börnum og ungmennum og kynna starfið sitt. Ábendingar hafi borist um að ekki sé nægilega opið fyrir kynningar á slíku starfi í grunnskólum borgarinnar og sé því lagt til að reglurnar verði endurskoðaðar með það fyrir augum að opna á frekari kynningar á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi. Markmið tillögunnar sé að styðja við þátttöku barna í fjölbreyttu frístundastarfi með aukinni vitundarvakningu um hvað stendur þeim til boða, án þess að opna fyrir óheftar auglýsingar eða bjóða upp á óhóflegt rask skólastarfi.

Ofangreind tillaga að breytingum á 1. gr. reglna um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er til þess fallin að auðvelda þeim aðilum sem standa fyrir íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi að kynna starfsemi sína fyrir öllum börnum og unglingum og hvetja til þátttöku í slíku starfi. Rannsóknir sýna að þátttaka barna í skipulögðu íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi hefur mikilvægt forvarnargildi í lífi barna og unglinga.

Til að efla samstarf skóla við þá aðila sem standa fyrir íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi er mikilvægt að kynna reglurnar vel fyrir þeim aðilum sem málið varðar og hvetja þá samhliða til aukins samstarfs varðandi kynningar með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Með framangreindri breytingu á reglunum er lögð áhersla á að heimilt er að beina til nemenda upplýsingum um tímasetningar vegna æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða.

Lagt er til að hætt verði að vísa til frístundamiðstöðva í reglunum þar sem þær hafa verið lagðar niður.

Tillagan felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir skóla- og frístundasvið.

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Leiðarljós

„Börn skulu hafa aðgang að innlendum og erlendum upplýsingum og öðru efni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og sem þau njóta góðs af félagslega og menningarlega. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að vernda börn fyrir efni sem skaðað getur velferð þeirra.“

(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 17. gr. lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013)

„Engar auglýsingar skulu vera í grunnskólum eða leikskólum né önnur markaðssókn. Kynning á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfsemi sveitarfélaga er þó heimil.“

(Leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna, Umboðsmaður barna og Talsmaður neytenda, 2009)

„Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.“

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

„Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

„Með góðu samstarfi við aðra sem bjóða upp á frístundastarf gefst oft gott tækifæri í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundaklúbbum til að kynna fyrir börnum fjölbreytt viðfangsefni í frítímanum“

(Starfsskrá frístundamiðstöðva, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015)

Gildissvið og markmið

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi:

- þó án þess að takmarka að foreldrar og börn hafi aðgang að upplýsingum um æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfsemi sem stuðlar að alhliða þroska og velferð barna.
- þó án þess að banna að börn fái afhenta hluti samkvæmt ákvörðun stjórnanda og notaðir eru við fræðslu og forvarnir í starfseminni.

1. gr. Kynningar á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi

Kynningar til barna, ~~og~~ unglinga ~~og foreldra~~ á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi ~~sem hluti af námi~~ eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglinga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístunda ~~starfsmiðstöðva~~ á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Upplýsingum um ~~tímasetningar og~~ kostnað vegna æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

2. gr. Upplýsingar um æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf

Aðilar sem bjóða æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga geta komið upplýsingum á framfæri á vefnum www.fristund.is þar sem veittar eru upplýsingar um frístundatilboð, m.a. eftir aldri, efnisflokkum, tímabili og hverfum.

Frístundagátt Mentor** skal notuð til kynningar á www.fristund.is og til útsendingar tilfallandi tölvupósta til foreldra grunnskólabarna í tengslum við æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf skóla- og frístundasviðs og aðila að Frístundakorti ÍTR. Leikskólastjórar skulu vekja athygli foreldra leikskólabarna á vefnum www.fristund.is.

3. gr. Auglýsingar

Auglýsingar sem beint er til barna og unglinga eru eingöngu leyfðar innan starfsstaða skóla- og frístundasviðs þegar þær tengjast með beinum hætti starfsemi á vegum sviðsins, starfsstaða þess eða samstarfsverkefnum sem starfsstaðir sviðsins eða Reykjavíkurborg eru þátttakendur í. Þessar auglýsingar geta t.d. verið í formi veggspjalda, bæklinga, upplýsinga á heimsíðum starfsstaða eða tilkynninga til foreldra í gegnum Mentor. **

4. gr. Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs

Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs frá utanaðkomandi aðilum, t.d. fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum má þiggja ef stjórnandi telur þær hafa fræðslu- og forvarnagildi og samræmast stefnu skóla- og frístundasviðs og með því skilyrði að börn, starfsstaðir eða gjöfin sjálf sé ekki merkt kostunaraðila. Sem dæmi má nefna tölvur, leikföng, spil og öryggisvesti til notkunar í vettvangsferðum, tannbursta, sólmyrkvagleraugu o.s.frv., til notkunar við fræðslu og forvarnir í starfseminni. Framangreint er háð því að hlutirnir uppfylli staðla um öryggi þeirra. Starfsstaðir geta greint frá gjöfum af þessu tagi á vefsíðu sinni, í fréttabréfi og/eða með tölvupósti til foreldra.

5. gr. Gjafir til barna

Óheimilt er að dreifa gjöfum, sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar, í skipulögðu skóla- og frístundastarfi. Hafi stjórnandi heimilað afhendingu hluta sem nota á við fræðslu og forvarnir í starfseminni sbr. 4. gr. er heimilt að börn fái þá til eignar.

Stjórnanda er heimilt í samráði við foreldraráð leikskóla eða skólaráð grunnskóla og foreldrafélag að veita utanaðkomandi aðilum leyfi til að nýta húsnæði starfsstaðar eftir að formlegu starfi lýkur til að dreifa gjöfum sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar í fræðslu og forvarnaskyni. Beina skal tilkynningum um það til foreldra. Stjórnandi starfsstaðar fjalli árlega í foreldraráði leikskóla og skólaráði grunnskóla um beiðnir um afhendingu gjafa til barna skv. framangreindu.

Miða skal við að börnum séu ekki gefnar auglýsingavörur í vettvangsferðum til atvinnulífsins.

*Hér er átt við ~~starfsemi~~ frístunda~~starfsemi~~staða á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tómstundatilboð aðila að Frístundakorti ÍTR.

**Viðmunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar 24. febrúar 2016 og í borgarráði Reykjavíkur 3. mars 2016. Reglurnar gilda frá og með 15. apríl 2016. [Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\]](#) og í borgarráði þann [dags.].

Sniðið: Leturgerð: Ekki Feitletur

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Leiðarljós

„Börn skulu hafa aðgang að innlendum og erlendum upplýsingum og öðru efni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og sem þau njóta góðs af félagslega og menningarlega. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að vernda börn fyrir efni sem skaðað getur velferð þeirra.“

(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 17. gr. lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013)

„Engar auglýsingar skulu vera í grunnskólum eða leikskólum né önnur markaðssókn. Kynning á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfsemi sveitarfélaga er þó heimil.“

(Leiðbeinandi reglur um neytendavernd barna, Umboðsmaður barna og Talsmaður neytenda, 2009)

„Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.“

(Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

„Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

„Með góðu samstarfi við aðra sem bjóða upp á frístundastarf gefst oft gott tækifæri í frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundaklúbbum til að kynna fyrir börnum fjölbreytt viðfangsefni í frítímanum“

(Starfsskrá frístundamiðstöðva, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015)

Gildissvið og markmið

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi:

- þó án þess að takmarka að foreldrar og börn hafi aðgang að upplýsingum um æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfsemi sem stuðlar að alhliða þroska og velferð barna.
- þó án þess að banna að börn fái afhenta hluti samkvæmt ákvörðun stjórnanda og notaðir eru við fræðslu og forvarnir í starfseminni.

1. gr. Kynningar á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi

Kynningar til barna og unglunga á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi sem hluti af námi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglunga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístundamiðstöðva á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

2. gr. Upplýsingar um æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf

Aðilar sem bjóða æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga geta komið upplýsingum á framfæri á vefnum www.fristund.is þar sem veittar eru upplýsingar um frístundatilboð, m.a. eftir aldri, efnisflokkum, tímabili og hverfum.

Frístundagátt Mentor** skal notuð til kynningar á www.fristund.is og til útsendingar tilfallandi tölvupósta til foreldra grunnskólabarna í tengslum við æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf skóla- og frístundasviðs og aðila að Frístundakorti ÍTR. Leikskólastjórar skulu vekja athygli foreldra leikskólabarna á vefnum www.fristund.is.

3. gr. Auglýsingar

Auglýsingar sem beint er til barna og unglinga eru eingöngu leyfðar innan starfsstaða skóla- og frístundasviðs þegar þær tengjast með beinum hætti starfsemi á vegum sviðsins, starfsstaða þess eða samstarfsverkefnum sem starfsstaðir sviðsins eða Reykjavíkurborg eru þátttakendur í. Þessar auglýsingar geta t.d. verið í formi veggspjalda, bæklinga, upplýsinga á heimsíðum starfsstaða eða tilkynninga til foreldra í gegnum Mentor. **

4. gr. Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs

Gjafir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs frá utanaðkomandi aðilum, t.d. fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum má þiggja ef stjórnandi telur þær hafa fræðslu- og forvarnagildi og samræmast stefnu skóla- og frístundasviðs og með því skilyrði að börn, starfsstaðir eða gjöfin sjálf sé ekki merkt kostunaraðila. Sem dæmi má nefna tölvur, leikföng, spil og öryggisvesti til notkunar í vettvangsferðum, tannbursta, sólmyrkvagleraugu o.s.frv., til notkunar við fræðslu og forvarnir í starfseminni. Framangreint er háð því að hlutirnir uppfylli staðla um öryggi þeirra. Starfsstaðir geta greint frá gjöfum af þessu tagi á vefsíðu sinni, í fréttabréfi og/eða með tölvupósti til foreldra.

5. gr. Gjafir til barna

Óheimilt er að dreifa gjöfum, sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar, í skipulögðu skóla- og frístundastarfi. Hafi stjórnandi heimilað afhendingu hluta sem nota á við fræðslu og forvarnir í starfseminni sbr. 4. gr. er heimilt að börn fái þá til eignar.

Stjórnanda er heimilt í samráði við foreldraráð leikskóla eða skólaráð grunnskóla og foreldrafélag að veita utanaðkomandi aðilum leyfi til að nýta húsnæði starfsstaðar eftir að formlegu starfi lýkur til að dreifa gjöfum sem ætlaðar eru börnum til einkaeignar í fræðslu og forvarnaskyni. Beina skal tilkynningum um það til foreldra. Stjórnandi starfsstaðar fjalli árlega í foreldraráði leikskóla og skólaráði grunnskóla um beiðnir um afhendingu gjafa til barna skv. framangreindu.

Miða skal við að börnum séu ekki gefnar auglýsingavörur í vettvangsferðum til atvinnulífsins.

*Hér er átt við starfsemi frístundamiðstöðva á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tómstundatilboð aðila að Frístundakorti ÍTR.

**Viðmunarreglur SFS um útsendingar í gegnum Mentor.

**Samþykkt í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar 24. febrúar 2016 og í borgarráði Reykjavíkur 3. mars 2016.
Reglurnar gilda frá og með 15. apríl 2016.**